



Hringdu án
símans



Streyndu
tónlist



Hafðu auga
með heilsunni

Nýtt!
eSIM

Það er
úrið til þín!



-15.000 kr.
afsláttur

Samsung
Galaxy Active 2 40mm

54.990 kr. stgr.

Fullt verð: 69.990 kr.

Úrlausn hjá Nova!

Skildu símann eftir heima!

Hringdu, hlustaðu á tónlist og taktu á móti símtölum í Samsung snjallúrinu án þess að síminn sé nálægur. Farðu út að leika, skildu símann eftir heima og finndu þitt sanna sím-zen með netfengdu snjallúri.

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA

Vertu á STAÐNUM!

Notaðu netið. Nýttu þér snjalltækin. Þau eiga að einfalda lífið, en ekki taka það yfir. Taktu til á tímalínunni, veldu þá sem þú fylgir. Fáðu innblástur og bættu líf þitt. Ekki elta bara eitthvað. Ekki festa þig í lífi annarra. **Vertu á staðnum.**



Lexon Travel vekjaraklukka fylgir sínum!



Svefn er mikilvægur fyrir heilsuna og við mælum með að þú venjir snjalltækin strax á að sofa ekki uppí. Það fylgir vekjaraklukka með öllum seldum farsímum hjá Nova sem hjálpar þér við uppeldið. Lexon Travel vekjaraklukka: **4.990 kr.**



Samsung
Galaxy A20e 32GB

29.990 kr. stgr.



-5.000 kr. afsláttur

Samsung
Galaxy A40 64GB

34.990 kr. stgr.

Fullt verð: ~~39.990 kr.~~

Geðgóðar vörur



Nova
Biókort

4.690 kr. stgr.



Xiaomi
Skjáglyrnur

4.990 kr. stgr.



Click & Grow
Snjall skógkassi

12.990 kr. stgr.



Xiaomi
Rafskúta

54.990 kr. stgr.



Endurgræddu!

Gamalt og gott upp í nýtt og betra!

Komdu með gamla snjallúrið, símann eða spjaldtölvuna í næstu verslun okkar. Við metum tækið, komum því í grænt og vænt ferli og þú færð inneign upp í nýja græju hjá okkur.

Þrjú staðfest kórónatífelli

Tvö tífelli af kórónaveirusmiti til viðbótar voru staðfest hérlandis í gær. Báðir einstaklingarnir komu til landsins frá Ítalíu. Verkefnastjóri segir yfirvöld hafa búist við mun fleiri tífellum um helgina.

HEILBRIGÐISMÁL Tvö tífelli af kórónaveirusmiti, sem veldur COVID-19, til viðbótar voru staðfest á Íslandi í gær og því hafa þrjú tilvik komið upp hérlandis. Fyrst var greint frá því að sýni frá manni á sextugsaldri hefði reynst jákvætt. Hinn smitaði var farþegi í flugi Ícelandair frá Verónaborg á Ítalíu. Seint í gærkvöldi var síðan greint frá því að kona sem kom til landsins með flugi Ícelandair frá München hefði greinst með sjúkdóminn. Hún hafði einnig verið á skiðum á Ítalíu.

Farþegar um borð í fyrra fluginu frá Veróna voru alls 180. Þeim verður öllum gert að sæta sóttkví í fjórtán daga. Það sama gildir ekki um flugið frá München enda er Þýskaland ekki skilgreint hættusvæði. Heilbrigðisstarfsfólk mun þó setja sig í samband við farþega úr því flugi og veita þeim upplýsingar um veiruna.

Fjöldi Íslendinga í sóttkví mun því stórukast en alls verða þeir þá um 300 talsins.

Þá hefur almannavarnadeild ríkislögreglustjóra skilgreint gjörvalla Ítalíu sem hættusvæði og því þurfa allir Íslendingar sem komið hafa frá landinu frá og með laugardeginum að fara í sóttkví.

Ljóst er að fjölmargir Íslendingar eru væntanlegir heim frá Ítalíu á næstunni. Í svari frá utanríkisráðuneytinu kemur fram að 1.578 Íslendingar á faraldsfæti hafi skráð sig í sérstakan gagnagrunn yfirvalda en þar af hafi 58 verið staðsettir á Ítalíu. „Það er þó ljóst að fjöldinn er mun meiri,“ segir Sveinn H. Guðmarsson, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins.



Það kemur okkur í raun á óvart að ekki hafi greinst fleiri smit um helgina.

Rögnvaldur Ólafsson



„Það kemur okkur í raun á óvart að ekki hafi greinst fleiri smit um helgina. Við bjuggumst við að einhverjir þeirra sem umgengust þann sem smitaðist fyrstur myndu einnig veikjast en það reyndist sem betur fer ekki raunin,“ segir Rögnvaldur Ólafsson, verkefnastjóri hjá almannavörnum.

Að hans sögn er staða mála í stöðugri skoðun. Ákvarðanir um frekari úrræði eins og samkomubann séu háðar mati sóttvarnalæknis. „Við höfum ekki skilgreint nein sérstök viðmið um hvenær slíkum úrræðum verður beitt. Það er háð mati sóttvarnalæknis,“ segir Rögnvaldur.

Hann bendir á að Ísland sé með þessari aðgerð að ganga mun lengra en nágrannabjórðir okkar. „Ítalskir ferðamenn sem koma hingað til lands þurfa einnig að fara í sóttkví,“ segir Rögnvaldur.

– bp / sjá síðu 4

Veðbankar hafa trú á Daða

SJÓNVARP Samkvæmt erlendum veðbönkum í gær telst framlag Íslands í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva nú það þriðja líklegasta til að vinna lokakeppnina í Hollandi í maí.

Það voru Daði og Gagnamagníð sem unnu lokakeppnina hér heima á laugardagskvöldið með laginu



Think about Things og verða því fulltrúar Íslands ytra. Af yfirliti um veðbanka á síðunni eurovisionworld.com má sjá að lag Rúmena trónir á toppnum á undan Litháen og síðan Íslandi. Þar á eftir fylgja Ítalir, Búlgarar, Svíar og Rússar. –gar

Daði Freyr
Pétursson.



Hópur 24 manna og kvenna á vegum Ferðafélags Íslands lagði á Snæfellsjökul á laugardag í þrýðilegasta veðri. Lagt var upp úr Eysteinsdal á fjallaskíðum og komið að þessari myndarlegu eldkeilu úr norðvestri. Snæfellsjökull er virkt eldfjall sem gosið hefur oft en tuttugu sinnum frá lokum isaldar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Átt þú rétt á slysabótum?

Við hjálpum þér að leita réttar þíns



TORT

INNHEIMTA SLYSABÓTA



UMFERÐARSLYS



VINNUSLYS




FRÍTÍMASLYS

HAFÐU SAMBAND



511 5008

Veður



Austan og suðaustan 13-20 í dag, en hægari á NA- og A-landi. Dálitil el SA- og A-lands, en bjartviðri norðan heiða. Hiti um eða yfir frostmarki. **SJÁ SÍÐU 14**

Ekki undanþága fyrir skólabrif

KJARAMÁL „Við sáum ekki neina mál-efnlega ástæðu fyrir því að heimila undanþágur fyrir þrifum inni í skólunum og því hafnaði undanþágu-nefndin þeirri beiðni,“ segir Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar.



Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar.

Efling hafnaði í gær undanþágu-beiðni Reykjavíkurborgar vegna þrifa í grunnskólum. Undanþágu-nefnd félagsins samþykkt á laugardag í samráði við almannavarnardeild ríkislögreglustjóra undanþágur vegna sorphirðu og í gær frekari undanþágur á velferðarsviði borgarinnar. –ókp / nánar á frettablaðið.is

Ókyrrð í lofti hjá Icelandair

SAMGÖNGUR Afkoma Icelandair Group er nú sögð í óvissu vegna útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins. Félagið felldi í gær úr gildi afkomuspá sína frá 6. febrúar.

„Útbreiðsla COVID-19 veirunnar og viðbrögð við henni eru að hafa áhrif á ferðahegðun á okkar markaðssvæði,“ er haft eftir Boga Nils Bogasyni forstjóra í tilkynning frá Icelandair.



Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group.

Farið hefur verið yfir verkferla og viðbragðsáætlanir. „Þá hefur verið gripidið til varúðarráðstafana með viðbótarbúnaði um borð í flugvélum Icelandair, svo sem sótthreinsiefni, andlitsgrímum og hönskum.“ –gar

Hverfastöð í rusli



Í dag hefst sorphirða í Reykjavík að nýju eftir tveggja vikna hlé vegna verkfalls Eflingar. Félagið veitti undanþágu vegna lýðheilsusjónarmiða í tengslum við kórónaveiruna. Byrjað verður í Breiðholti fyrir hádegi. Líklega fækkar þá ferðum með heimilissorp í hverfastöðvar Breiðholts. Um miðja viku verður farið í Árbæ. Ekki náðist að hirða sorp í þessum hverfum áður en ótímabundið verkfall Eflingar hófst. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Snupraður fyrir að lofa sýktum bót á COVID-19

KAUPMANNAHÖFN Dönsk lyfjafyrirvöld átöldu í gær danskan lækni fyrir fullyrðingar um að hægt væri að beita lyfinu klorokin gegn kórónaveirunni sem veldur COVID-19.

Að sögn Danmarks Radio segja lyfjafyrirvöld engin gögn stöðja fullyrðingarnar sem séu algjörlega óásættanlegar.

„Niðurstöðurnar hjá kórónasjúklingum eru svo góðar að við þurfum ekki að biða lengur,“ sagði í fréttatilkynningu frá læknum.

Klorokin er meðal annars beitt gegn sjúkdómum malaríu og lyfjagigt.

Umræddur læknir er sagður heita Stig Ekkert sem rekur Patients.dk sem sjálf kynna sig sem samtök er geti veitt borgandi meðlimum bestu mögulegu hjálpi við alvarlegum sjúkdómum. –gar

Sendiráðið skipuleggur nú sænska matarmessu

Sendiráð Svíþjóðar skipuleggur matarmessu fyrir sænsk fyrirtæki að kynna vörur fyrir íslenskum neytendum, verslunum og veitingastöðum. Markmiðið líka að auka útflutning á íslenskum vörum til Svíþjóðar, segir sendiherrann.

VIÐSKIPTI „Ísland er áhugaverður markaður fyrir sænsk fyrirtæki. Hér búa 360 þúsund manns en hingað koma líka um tvær og hálf milljón ferðamanna. Bæði Íslendingar og þessir ferðamenn eru opnir fyrir því að prófa nýjar vörur,“ segir Hákan Juholt, sendiherra Svíþjóðar á Íslandi.

Sendiráðið skipuleggur nú fyrstu sænsku matarmessuna á Íslandi sem verður haldin um miðjan apríl.

„Það er eitthvað til af sænskum matvörum í verslunum hér en ég sé möguleika á að auka framboðið. Þess vegna ætlum að við halda þessa messu. Við byrjuðum í síðustu viku að hafa samband við sænsk fyrirtæki til að vekja áhuga þeirra á Íslandi,“ segir Hákan.

Föstudaginn 17. apríl verður haldin messa fyrir bransann þar sem sænsk fyrirtæki geta kynnt vörur sínar fyrir innflytjendum, söluaðilum, verslunum og veitingastöðum. Á laugardeginum verður svo messa fyrir almenning þar sem Íslendingar geta keypt og prófað sænskar matvörur. Hákan segir að mögulega verði sá viðburður haldinn í IKEA.

„Ég er bjartsýnn á að það verði mikill áhugi frá sænskum fyrirtækjum og ég vonast eftir góðri þátttöku. Vonandi er líka áhugi á íslenska markaðnum að hitta þessa aðila og sjá hvaða vörur þeir hafa upp á að bjóða.“ Sendiherrann segist að sama skapi vita að mörg sænsk fyrirtæki séu áhugasöm um að flytja inn vörur frá Íslandi.

„Ég hef líka fengið fyrirspurnir um slíkt. Verslun milli Íslands og Svíþjóðar er að aukast og sænskum vörum fjölga hér sem er ánægjulegt. En það er mikilvægt að þessi



Hákan Juholt, sendiherra Svíþjóðar á Íslandi, fylgdist með EM í knattspyrnu á Ingólfstorgi sumarið 2018. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

verslun sé í báðar áttir. Ég vil líka að það myndist sambönd á messunni þannig að fleiri íslensk fyrirtæki geti selt vörur sínar til Svíþjóðar.“

Hákan viðurkennir að breytingar sem tóku gildi um síðustu áramót sem auðvelda innflutning á matvælum til Íslands hafi áhrif.

„Það hafa verið vissar hindranir í veginum fyrir innflutningi matvæla til Íslands. Sænsk fyrirtæki hafa svolítið upplifað þessar hindranir og þess vegna kannski ekki horft á íslenska markaðinn. Ég segi þeim að það sé í finu lagi að stunda viðskipti við Ísland því skilyrðin eru góð.“

Aðspurður segist Hákan í raun ekki sakna neins sérstaks matar frá Svíþjóð sem ekki fáið hér. „Ég elska alla daga herna á Íslandi því hér finnst svo margt gott. En ég veit að mjög mörg sænsk matvælafyrirtæki eru að standa sig vel og framleiða hágæðavörur. Það á til dæmis við

um mjólkurvörur, sérstaklega osta, pylsur og reyktar vörur, kaffi, bjór og villibráð. Ég vil að Íslendingar og ferðamenn fái að kynna þessum vörum.“

Áður en til matarmessunnar kemur mun sendiráðið standa fyrir viðamikilli kynningu á Västerbottens-ostinum sem Hákan segir flesta sammála um að vera besta ost Norðurlanda. „Þetta er allavega þekktasti osturinn. Við getum öll verið sammála um það. Sendiráðið mun standa fyrir nokkrum viðburðum til að vekja athygli á þessum frábæra osti þannig að fleiri fái að kynna honum.“


Hákan telur að það sé mikill áhugi á Íslandi á bragðmiklum ostum með karakter. „Þetta er ostur sem hefur verið framleiddur eftir sömu uppskrift frá 19. öld. Ég held hann verði mjög vinsæll hér.“

sighvatur@frettabladid.is

PLUG & PLAY

HITAVEITUSKELJAR

- Tilbúin til notkunar
- Tengja 2 rör
- Eyðir minna vatni



HEITIRPOTTAR.IS
HÖFÐABAKKI 1
SÍMI 7772000




TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Það fer betur um alla í Proace Verso



Verð frá: 6.540.000 kr.



Léttir hverja leið

Við kynnum til leiks hinn fjölhæfa og praktíska Proace Verso sem hefur að bjóða betra farrými og er því sniðinn að hvers kyns fólksflutningum. Það fer betur um fjölskylduna í Proace Verso. Komdu og skoðuðu þennan rúmgóða bíl sem léttir hverja leið í krafti þæginda. **Sjá nánar á toyota.is**



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Varnir gegn kóranaveirunni

- Gæta vel að almennu hreinlæti, sérstaklega handþvotti með sápu og vatni. Handspritt má nota ef ekki er hægt að þvo hendur. Þó skyldi alltaf þvo hendur með sápu og vatni ef þær eru sýnilega óhreinar.
- Forðast náð samneyti við einstaklinga sem eru með almenn kvæfinkenni/hósta.
- Ekki snerta munn, nef eða augu með óþvegunum höndum.
- Notaðu pappír fyrir vit við hnerra og hósta og þvo hendur reglulega.

Ráðherra fari í vinnu á Vog

HEILBRIGÐISMÁL Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, segist telja það alvarleg mistök hjá Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur dómsmálaráðherra að reyna að auka aðgengi að áfengi í landinu. Þetta kemur fram í grein Kára á frettabladid.is í dag þar sem hann gagnrýnir harðlega hugmyndir ráðherrans um að bann gegn auglýsingum á áfengi verði afnumið.



Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar.



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, dómsmálaráðherra.

„Í stað þess að gegna skyldum þínum hyggstu nýta þér embættið sem fylgja þessar skyldur til þess að auka líkur á alvarlegum umferðarslysum, ofbeldisglæpum og heimilisofbeldi,“ skrifar Kári. „Ég ætla að leggja það til við forsætisráðherra að refsing þín fyrir þessar áætlanir Áslaug Arna verði sú að þú sért skikkuð til þess að vinna eina viku á Vog, sitja þar fundi og anda að þér angistinni hyljúpum sem fylgir þeim sem eru að takast á við alvarlegan alkóhólisma og aðra fíknisjúkdóma.“ – gar

FRÉTTABLAÐIÐ

Meira á frettabladid.is

Fórnarlamb árásar sjálft fengið dóm fyrir hnífstungur

KÓPASKER Maðurinn sem liggur á gjörgæslu eftir að hafa orðið fórnarlamb hnifaárásar á Kópaskeri um helgina hefur tvisvar sjálfur hlotið dóm fyrir hættulegar hnífstungur. Maðurinn, sem er um sextugt, fékk þriggja ára dóm árið 2007 fyrir að stinga fyrrverandi unnustu sína í bakið á Húsavík. Árið 2010 var hann síðan aftur dæmur í þriggja ára fangelsi fyrir að stinga mann í



Frá Kópaskeri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

brjóstkassann með hniði í íbúð á Akureyri.

Árásin átti sér stað aðfaranótt laugardags en þrennt var handtekið á vettvangi. Tveimur þeirra, manni og konu, var síðar sleppt úr haldi þar sem ekki er talið að þau tengist árásinni. Sá sem er grunaður um árásina fannst rænutilill í fangageymslu lögreglunnar og var fluttur í skyndi á sjúkrahús. Hann

liggur þar á gjörgæslu. Brotþoli liggur einnig á gjörgæslu og í gær hafði ekki enn verið unnt að taka af honum skýrslu. Samkvæmt heimildum var hann stunginn allt að sex sinnum en er þó ekki talinn vera í lífshættu.

Tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu rannsakaði málið á vettvangi en reiknað var með að rannsókn yrði lokið í gær. – bp

Útfararstjórar boðaðir á fund til Landlæknis vegna verkferla

Landlæknisembættið hefur boðað til fundar með útfararstjórum í byrjun vikunnar til þess að fara yfir verkferla um hvernig haga eigi meðhöndlun á líki ef banamein viðkomandi er COVID-19 veirusjúkdómurinn. Talið er að væg sýkingarhætta stafi af líkum þeirra sem falla frá af völdum sjúkdómsins.

HEILBRIGÐISMÁL Mörg ríki hafa gefið út leiðbeiningar um hvernig eigi að meðhöndla lík einstaklinga sem falla frá af völdum COVID-19 sjúkdómsins. Þeir sem umgangast lík þessara einstaklinga þurfa að fara að öllu með gát enda er talið að af þeim geti stafað væg sýkingarhætta.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur verið nokkur kurr meðal útfararstjóra landsins yfir skorti á upplýsingum frá heilbrigðis-yfirvöldum. Þeir fagni því að brugðist hafi verið við og að farið verði yfir nauðsynlega verkferla við útfarir.

Í svari Landlæknisembættisins kemur fram að upplýsingarnar verði gerðar aðgengilegar á netinu í þessari viku. „Slíkar leiðbeiningar eru tilbúnar en ekki var talið tilefni til að birta þær fyrr en á hættustigi,“ segir Kamilla Sigríður Jósefsdóttir, á sötvarnasviði embættisins, í skriflegu svari til blaðsins.

Ekki liggur fyrir hvaða tilmæli verða gefin út hérlandis en að öllum líkindum taka þau mið af reglum annarra landa. Þannig hafa bresk heilbrigðisyfirvöld gefið út ítarlegar leiðbeiningar þar sem farið er yfir hvernig þeir sem komast í tæri við líkið eiga að bera sig. Í leiðbeiningunum kemur fram að möguleiki sé á því að loft úr lungum hins látna þrýstist út í andrúmsloftið og skapi væga sýkingarhættu. Það eigi sérstaklega við þegar verið er að færa líkið milli staða.

Því eigi sem allra fyrst að færa líkið í einangraðan líkpoka og allir sem meðhöndla það þurfa að vera í viðeigandi hlífðarbúnaði. Miklar kröfur eru síðan gerðar um hreinlæti og þrif sem og örugga eyðingu alls hlífðarfátanna. Þá taka bresk



Forystufólk á upplýsingafundi í samhæfingarmiðstöð almannaþinga í Skógarhlíð. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Slíkar leiðbeiningar eru tilbúnar en ekki var talið tilefni til að birta þær fyrr en á hættustigi.

yfirvöld sérstaklega fram að leyflegt sé að sýna ástvinum lík hins látna í líkhúsi en aðeins ef viðstaddir eru í viðeigandi hlífðarfátnaði.

Heimilt er að þvo líkið en bresk yfirvöld leggja gegn því að smurning verði framkvæmd. Ekki er sérstaklega mælt til þess að líkið verði brennt.

Sams konar reglur hafa verið

settar í Hong Kong. Þar er COVID-19 veirusjúkdómurinn í sama flokki og aðrir smitsjúkdómar eins og HIV, SARS og fleiri.

Nauðsynlegt er að líki sé komið strax fyrir líkpoka og aðgát sé höfð við kistulagningu. Þá er mælt til þess líkið verði brennt þó að það sé ekki skylda.

bjornth@frettabladid.is

HÖRKUTÓL SEM ENDIST

RAM 3500

NÝTT GLÆSILEGT ÚTLIT, NÝJAR ÚTFÆRSLUR OG FJÖLMARGAR TÆKNINÝJUNGAR Í BODI.

EIGUM TIL FLESTAR GERÐIR TIL AFGREIÐSLU STRAX

BJÓÐUM UPP Á 37" OG 40" BREYTINGAR

RAM 3500 VERÐ FRÁ: 6.967.745 KR. ÁN VSK.

RAM 3500 VERÐ FRÁ: 8.640.000 KR. M/VSK.

EINGÖNGU RAM FRÁ ÍSBAND ERU MEÐ EVRÓPUÁBYRGÐ FRÁ FRAMLÉIÐANDA.

ISBAND

UMBODSADILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 534 4433 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

RAM

ramisland.is

MEGA CAB

LOKADAGUR

TAX

FREE

**AF ÖLLUM VÖRUM Í
ÖLLUM BÚÐUM!**

**TAX FREE Í
VEFVERSLUN
WWW.RFL.IS
ALLAN
SÓLAR-
HRINGINN**



**RÚMFATA
LAGERINN**

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ



AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÖLLUM VÖRUM. TAX FREE TILBOÐ JAFNGILDIR 19,35% AFSLÆTTI.

Leyndu smiti féлага sinna

SUÐUR-KÓREA Leiðtogi trúarsafna-
aðar í Suður-Kóreu gæti staðið
andspænis morðrannsókn vegna
dauðsfalla af völdum COVID-19
veirusjúkdómsins í landinu.

Áð sögn BBC hafa yfirvöld í
höfuðborginni Seúl óskað eftir því
við saksóknara að gefa út ákæru á
hendur Lee Man-hee, stofnanda
Shincheonji-safnaðarins og ellefu
öðrum. Hópurinn er sakaður um
að hafa leynt nöfnum fyrir emb-
ættismönnum sem voru að reyna að
hafa uppi á smituðum einstakling-

um áður en veiran myndi dreifast
frekar.

Fyrir utan Kína er nú staðan í
baráttunni við COVID-19 verst í
Suður-Kóreu. Um miðjan dag í gær
voru skráð smit 3.730 og 21 var
látinn. BCC segir að meira en helm-
ingur allra tilfella um smit tengist
umræddum söfnuði sem kennir sig
við Jesú Krist.

Yfirvöld segja að meðlimir Shin-
cheonji hafi smitast innbyrðis í Daegu-
borg í febrúar áður en þeir dreifdu
vitt og breitt um landið. – gar



BERRY ALLOC
Harðparket
MIKIÐ ÚRVAL Á LAGER

ALFABORG
- allt á gólfíð -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is



**JÖFNUÐUR
OG VELFERÐ**
Á TÍMUM LOFTSLAGSBREYTINGA
- GRÆNIR SKATTAR OG ÖNNUR
HAGRÆN STJÓRNTEKI

Morgunverðarmálþing ASÍ 4. mars
Á málþinginu verður fjallað um velferð, jöfnuð og réttlæti í tengslum
við loftslagsbreytingar og þær aðgerðir sem þarf til að draga úr losun
gróðurhúsalofttegunda. Málþingið er liður í fundaröð ASÍ um
umhverfis- og loftslagsmál.

Tímasetning: 4. mars, 08:30-10:30 (morgunverður frá kl. 08:00)
Staðsetning: Reykjavík Natura, Nauthólsvegi 52. Salur 4-5

Dagskrá

08:30 Inngangsröð - Henný Hinz, aðalhafnysfræðingur ASÍ

08:40 Opinber fjármál og loftslagsbreytingar
- Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra

08:55 Viðbrögð við loftslagsbreytingum og velsæld
Brynhildur Davíðsdóttir,
prófessor í umhverfis- og auðlindafræði við HÍ

09:15 Grænir skattar - Daði Már Kristófersson,
prófessor í auðlindahagfræði við HÍ

09:40 Pallborð

Þátttakendur: Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri
Landverndar, Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra,
Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor í umhverfis- og auðlindafræðum,
Guðni Elísson, prófessor í bókmenntafræði, Henný Hinz,
aðalhafnysfræðingur ASÍ.

Einnig verða stutt innsög sem varpa frekara ljósi á málefnið en þar
mun Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfisráðherra og Kristín
Vala Ragnarsdóttir, prófessor í jarðvísindum við HÍ svara nokkrum
spurningum.

Aðgangur ókeypis og allir velkomnir!
Fundinum verður streymt á vefsíðu **ASÍ** og **Facebook**

Alþýðusamband Íslands

Gratið á ókunnri strönd



Dröngur sem kom sem flóttamaður á gúmmibát frá Tyrklandi að strönd gríska þorpsins Skala Sikamias á Lesbos var niðurbrotinn á framandi slóðum. Um 50 þúsund flóttamenn eru á grískum eyjum. MYND/GETTY

Óvissa þótt ráða megi við aukið atvinnuleysi

Atvinnuleysistölur hafa nýverið farið fram úr spám Vinnuálastofnunar, en for-
stjórinn segir að enn sé ekki farið fram úr fjárlögum. Stór hluti atvinnulausra eru
erlendir ríkisborgarar sem eiga erfiðara með að komast aftur inn á vinnumarkað.

ATVINNULÍF Atvinnuleysi hefur
aukist nokkuð skarpt undanfarna
mánuði. Í janúar mældist það 4,8
prósent, 0,5 prósentum hærra en í
desember. Alls um 8.800 manns.

Samkvæmt Vinnuálastofnun
má búast við að atvinnuleysi hafi
aukist enn frekar í febrúar. Það sé
erfiðasti mánuðurinn og atvinnu-
lausum fækki í vor og sumar. Búist
er við að atvinnuleysi verði þó um
4 prósent í sumar og aukist síðan
aftur í haust, en margir óvissuþættir
spila inn í jöfnuna, svo sem ástandið
í ferðamennsku og COVID-19 sjúk-
dómurinn, kjaradeilur og ófyrir-
séðir hlutir sem gætu komið upp.

„Atvinnuleysi í janúar er meira
en spár okkar gerðu ráð fyrir. En
eins og sakir standa núna ráðum
við alveg við þessa aukningu,“ segir
Unnur Sverrisdóttir, starfandi
forstjóri Vinnuálastofnunar. At-
vinnuleysistryggingasjóður er
ríkistryggður.

Greiddir eru á bilinu 2,2 til 2,3
milljarðar á mánuði í bæt看 um
þessar mundir og gert er ráð fyrir
að heildargreiðslur á árinu verði 24
til 26 milljarðar.

Karl Sigurðsson, sérfræðingur
hjá stofnuninni, telur að atvinnu-
leysi verði um 4,5 prósent á árinu.
Yrði það hæsta hlutfall síðan 2011. Í
fyrra var atvinnuleysið 3,6 prósent.

Það er erfið að
finna vinnu um
þessar mundir og því
ilengist fólk á
atvinnuleysis-
skránni.

Karl Sigurðsson,
sérfræðingur hjá
Vinnuálastofnun



„Við gerum ráð fyrir að atvinnu-
leysi verði um 5 prósent í febrúar
en fari síðan hratt minnkandi. Það
er erfiðara að segja til um haust-
mánuðina,“ segir hann.

Alls eru um 40 prósent atvinnu-
lausra erlendir ríkisborgarar, eða
um 3.800 manns. Þar af eru 2.200
Pólverjar. Karl segir að þegar
þengir að standi þessi hópur verr
að vígi, hafi minna tengslanet og
minni tungumálakunnáttu og fari
því hægar aftur inn á vinnumarkað.
Sumir fara úr landi en aðrir hafa
unnið hér árum saman, skotið
rótum og keypt eignir.

Í hruninu jókst atvinnuleysi mjög
skarpt, úr tæpum 2 prósentum árið
2017 í 8 prósent 2018.

Karl segir að í ljósi þess að
atvinnuleysi aukist nú ekki jafn
skarpt sé stofnunin betur í stakk
búin til að takast á við aukninguna,
svo sem hvað varðar undirbúning.
Nú sé horft til svipaðra aðgerða og
þá, svo sem starfsþjálfunarræða
og að ýta undir menntun. Taka
verði þó mið af óskum atvinnu-
leitendanna sjálfra. Fókusinn núna
er mestur á Suðurnesin, þar sem
atvinnuleysi er langsamlega mest,
9 prósent.

Ástæða þess að atvinnuleysi
mældist ekki enn meira í hruninu
en raun bar vitni var að margir
fluttu til annarra landa eða skráðu
sig í háskólanám.

„Við erum að sjá töluvert minnk-
andi atvinnuþátttöku ungs fólks,
síðustu tvö árin, sem bendir til þess
að fólk sé í auknum mæli að fara í
nám,“ segir Karl. Þetta snúist við á
þenslutímum.

Aukning á langtímaatvinnuleysi
er ekki mjög mikil en Karl gerir ráð
fyrir að sú tala hækki töluvert í vor,
þegar ár verður liðið frá falli WOW
air. Enn eru um 200 til 300 manns á
skrá sem misstu vinnuna hjá WOW
og í afleiddum störfum.

„Það er erfið að finna vinnu um
þessar mundir og því ilengist fólk á
atvinnuleysisráðunni.“

kristinnhaukur@frettabladid.is



Upphaf nýrra **drauma!**

Stillanlegir heilsudagar.
20% afsláttur af öllum
stillanlegum heilsurúmum.



Ergomotion

Góður nætur svefn er lykillinn að góðum morgundegi.

Stilltu þig inn á góðan nætursvefn með stillanlegu heilsurúmi frá Ergomotion.

Val um fjölmargar gerðir af heilsudýnum allt frá pokagormum yfir í náttúrulegar latexdýnur eftir því hvað hentar þínum þörfum.

Góður svefn, góð gæði, á góðu verði.



20%
af öllum stillanlegum heilsurúmum

Tilboðsverð frá
307.608 kr.

Hjónarúm 2x90x200 cm

Fullt verð frá 384.510 kr



Hæfi



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Aðild að Mannréttindasáttmála Evrópu var mikilvægt skref fyrir réttaröryggi og mannréttindi hér á landi. Þó ekki verði með sanngirni sagt að mannréttindi hafi staðið höllum fæti hérlendis hefur aðild að samningnum leitt fram mikilvægar réttarbætur sem sumar hafa verið næsta byltingarkenndar. Samhliða aðild að sáttmálanum gengumst við undir áhrifavald Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) og einkum eru það úrlausnir dómstólsins sem hafa haft áhrif hér á landi. Ekki er nokkrum vafa undirorpið að mál sem varðaði smávægilegt umferðarlagabrot en breytti skipan dómstóla með aðskilnaði dómvalds og framkvæmdarvalds markaði tímamót. Mál sem varðaði skyldu til að vera í félagi, sem leiddi til viðurkenningar á að menn hafa rétt til að standa utan félaga nema mikilsverðir hagsmunir leiði til annars, markaði nýja stefnu og ákvæði um svonefnt neikvætt félagafrælsi rataði í kjölfarið í stjórnarskrá landsins.

Allt eru þetta dæmi um mál sem hafa tekið nýja stefnu eftir að niðurstaða MDE var fengin og hafa leitt til aukinna og skýrari mannréttinda.

Audvitað er það svo að það er ýmislegt við dómstólinn að athuga. Hvernig mál eru valin þangað sem hljóta efnismeðferð er gagnrýniverð. Málsmæðferðartíminn er langur og þunglamalegur, enda kvað málaálagið vera nokkurt. En dómstóllinn er þýðingarmikill fyrir okkur Íslendinga þó deilt sé um hvers konar áhrif úrlausnir hans eigi að hafa hér á landi. Úrlausnir dómstólsins eru bindandi að þjóðarrétti en ekki lands. Það getur þýtt að ekki er endilega ástæða til að rjúka upp til handa og fóta þó niðurstaða dómstólsins sé óndverð þeirri sem komist hafði verið að fyrir ædsta dómstóli hérlendis.

Nú er það þannig að í lögum um meðferð einkamála og sakamála eru ákvæði um að dómarmál skuli gæta að eigin hæfi. Upp eru taldar aðstæður sem mögulegt er að geti valdið vanhæfi. Í síðasta staflaði ákvæða beggja laga, um einkamál og sakamál, er svo tilgreint að dómari sé vanhæfur ef fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem fallnar eru til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa.


Í liðinni viku var birtur dómur MDE í máli sem varðaði sekt eða sýknu þáverandi yfirmanns Landsbankans. Eitt af eftirmálum hrunsins. Málsvörn yfirmannsins var sú að dómarmál hefðu átt hlutabréf í bankanum. Það væru því réttmætar ástæður til að efast um hlutlægni þeirra. Niðurstaða réttarins var, svo sem fjallað hefur verið um, að dæma íslenska ríkið skaðabótaskyld því dómurinn hefði ekki verið óvillhallur. Nefnilega að ekki sé nóg að vera hæfur, heldur þarf dómarmál að sýnast vera það. Þetta telst klúður.

Klúður dugar samt varla sem orð eða hugtak til að lýsa þessu.

Eftir sitja einstaklingar, karlar, konur og börn – sem hafa liðið fyrir það að ekki hafi nægjanlega verið gætt að hæfi. Einfaldri reglu sem ætti að vera auðvelt að fara eftir. Það er þeim sárt. Nú biður fjöldi mála af sambærilegum toga eftir meðferð þar ytra.

Við sem þjóð höfum ekki klárað að gera upp hrúnið fyrir en við höfum gert upp hvernig við gerðum upp hrúnið.

Halldór



FÓLK SEM Á ÞAÐ SAMEGINLEGT AÐ VÍSINDAMENN TELJA MESTAR LÍKUR 'A AÐ ÞAÐ DEYI ÚR HJARTA- OG AÐASJÚKÐÓMUM EDA KRABBAMEINI



Nefnilega að ekki sé nóg að vera hæfur, heldur þarf dómarmál að sýnast vera það. Þetta telst klúður.

Frá degi til dags

Nýir fjandmenn

Ísraelskir fjölmiðlar hafa nú sumir fundið nýjan fjanda til að hlaupa í skarðið fyrir Hatara-flokkinn eftir að Daði og Gagnamagnið sigraði í úrslitum Eurovisjón-söngvakeppinnar hér heima. Hljóm-sveitin mun í fyrra hafa sagst ætla að sitja hjá á þeim tíma því þau gætu ekki hugsað sér að fara til Ísrael þar sem loka-keppnin var í fyrra og frægt er orðið. Þar með hefur hljóm-sveitin verið fordæmd sem andísraelsk þar ytra – þótt ekkert bendi til þess að meðlimir Gagnamagnsins hafi nokkuð út á ísraelsku þjóðina sem slíka að setja annað en hvernig yfirvöld þar ganga fram gegn Palestínómönnum. En það verða engin tólf stig frá Ísrael í Rotterdam.

Truflun

Gríðarlega langdregin útsending RÚV frá Eurovisjón-úrslitunum á laugardagskvöldið teygðist enn frekar á langinn vegna truflunar á hljóði. Virtist það aðallega bitna á söngkonunni Ivu og síðan á Daða og Gagnamagninu sem hreinlega voru stöðvud í miðjum klúðum í flutningi sínum í lokaevíginu við Dimmu. Skýringar á þessari truflun hafa ekki legið á laus. Mun grunurinn jafnvel á tímabili hafa beinst að loftnetinu sem Iva bar á höfðinu. gar@frettabladid.is

Covid-19: Almannaþarnir erum við öll



Alma D. Möller
landlæknir

Það er ætíð áhyggjuefni þegar faraldur áður óþekktar veiru kemur upp. Nýja veiran nefnist SARS-CoV-2 en sjúkdómurinn Covid-19. Enn er margt á huldu en stöðugt bætist við þekkinguna. Vitað er að meirihluti þeirra sem veikjast, eða 80 prósent, fá væg einkenni, 20 prósent verða veik og 5-10 prósent veikjast alvarlega.

Nú þegar veiran er komin til landsins er mikilvægt að hefta útbreiðslu hennar. Unnið er að rakningu smitleiða, þ.e. að finna þá sem hafa umgengist veikan einstakling og hugsanlega orðið útsettir fyrir veirunni. Með því er átt við að hafa verið innan við 1-2 metra frá þegar hinn veiki hóstaði eða hnerraði, snert hann, dvalið í sama húsnæði eða verið nálægt í sama farartæki. Mat á þessu er gert í samvinnu almannaþarna, sóttvarnalæknis og smitsjúkdómalækna Landspítala. Þeir sem hafa verið útsettir eða dvalið á skilgreindu háahættusvæði (upplýsingar í síma 1700) þurfa að gangast undir sóttkví og þeir sem greinast með veiruna þurfa einangrun.

Aðal smitleiðir veirunnar eru snertismit og dropasmit en veiran greinist bæði í öndunarvegi og saur. Því er mikilvægt að huga afar vel að hreinlæti, þvo hendur reglulega með sæpu og nota handspritt. Hósta og hnerra í pappír sem strax er hent ef um kvefeinkenni er að ræða. Grímur nýtast best fyrir þá sem eru veikir og þegar heilbrigðisstarfsmenn eða viðbragðsaðilar sinna veikum eða þeim sem gætu verið smitaðir. Sýna skal aðgát í umgengni við snertifleti á fjölförnum stöðum, til dæmis krana, hurðarhúna, handrið, lyftuhnappa, snertiskjái og greiðsluposa. Þeir sem bera ábyrgð á þrifum þurfa að sinna þeim vel. Stjórnvöld hafa einsett sér að halda almenningi vel upplýstum um stöðu og framgang mála. Mikilvægt er að fylgjast með réttum og ábyrgum upplýsingum frá sóttvarnalækni og almannaþörnum en þær eru birtar á vefnum landlaeknir.is.

Kæru landsmenn. Nú þurfum við öll að sýna yfirvegun; fylgjast með, sameinast um að fylgja fyrirmælum og hjálpast að til að sem best gangi að takast á við veiruna. Almannaþarnir erum við öll.



Sýna skal aðgát í umgengni við snertifleti á fjölförnum stöðum, til dæmis krana, hurðarhúna, handrið, lyftuhnappa, snertiskjái og greiðsluposa.

RÝMI
OFNASMIDJAN



METALSISTEM®

Gott verð og góð þjónusta

Nú fæst METALSISTEM®
hillukerfið í Rými



Rými Ofnasmiðjan | Gylfaliót 4 | 112 Reykjavík | s. 511 1100 | www.rymi.is | rymi@rymi.is

Varðandi Covid

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Fyrst vil ég segja þetta: Nú hef ég verið dyggur áhorfandi bandarísku sjónvarpsþáttaraðarinnar *The Walking Dead* um tíu ára skeið. Sú þáttaröð snýst um það að dularfull veira skýtur upp kollinum og breiðist út á meðal fólks á leifturhraða. Veiran virkar þannig að nokkrum dögum eftir að fólk gefur upp öndina, af alls konar tilfallandi ástæðum, vaknar það aftur sem uppvakningar. Uppvakningarnir ganga síðan um stírbusalegir, tómir til augnanna, en einarðir í hjörðum með urrandi soghljóðum og reyna að éta þá sem eftir lifa. Við það að breytast í uppvakninga rotnar húð fólks, hár losnar, það grennist mjög og verður almennt mjög skeytingarlaust um hreinlæti. Eina leið þeirra sem eftir lifa til að losna úr klóm tryllts og dýrslegs uppvaknings, sem gæti þess vegna verið aldraður afi manns, er að stinga hann fumlaut með snöggrí hreyfingu í hausinn með hníf eða öðru oddhvössu vopni, eða skjóta í höfuðið. Aðfararnir geta orðið æði blóðugar.

Svona lagað getur vitaskuld haft veruleg áhrif á daglegt líf. Efna-hagslíf og siðmenning getur beðið hnekk, eins og raunin verður jú í þáttunum. Ekkert bóluæfni er til. Handþvottur hefur enga þýðingu. Siðmenning hrynur á heimsvísu. Mannkyn fer aftur á hirðingjatímabilið og eftirlifendur laumast um í mishættulegum ribbaldaflokkum.

Á þessari stundu finnst mér mikilvægt að vera smá þakklátur fyrir það að Covid-19 veiran er ekki svona veira. Hún er, í eðli sínu, influensuveira. Það er mikilvægt að minna sig á það, að enn hafa ekki verið gerðar neinar spennandi eða mjög hrollvekjandi sjónvarpsþáttaraðir um þær.

Að glíma við ból

Ég segi eins og kynarnir í *Söngva-keppinni*. Auðvitað má ekki gera grín að þessu. Þetta er alvarlegt mál. En svo gerðu þeir auðvitað grín að þessu. Við þá þversagnar-kenndu, en skiljanlegu, nálgun kviknuðu vissar hugleiðingar í mínu viðkvæma sálar tetri. Í skugga veirunnar og í því yfirþyrmandi bóli miðju sem í því felst að endurhlaða fréttasiður í sífellu til að skoða nýjustu tölur um sýkingar og dauðsföll, þá finn ég mjög sterkt að vissar sammanlegar aðferðir til þess að glíma við ból eru um þessar mundir að koma mjög sterkar inn, blessunarlega. Því ber að fagna. Hér hef ég tæpt á tveimur: 1) Að hugga sig við það að málin gætu verið verri. Þetta er sem sagt ekki uppvakningahryllingur. 2) Að reyna að hlæja að þessu.

Mér finnst ég hins vegar skynja í óvissuástandinu sem þessi óværa hefur skapað, að það virðist ríkja óvissa um það hvernig víðeigandi er að fjalla um þessa vá. Jú, mikilvægt er að fólk haldi ró sinni. Mikilvægt að fara að öllum tilmælum. Fylgjast vel með. Þvo sér um hendurnar. Ég held að mjög margir séu með þetta nokkurn veginn á hreinu. Líklega er þetta gúgglaðasta veira mannkynssögunnar. Leit er að þeirri manneskju sem ekki er sérfræðingur í pestum um þessar mundir. Almennar dánartölur árstíðarbundinnar flensu á heimsvísu eru skyndilega á allra vitorði og þær bornar saman við dánarhlutfall hinnar nýju pestar. En

svo vakna spurningarnar, og þessi finnst mér einna áhugaverðust: Má gera grín?

Áhyggjur af áhyggjuleysi

Þegar slokknar á framheila manns í svefnodoðanum fara áhyggjurnar á stjá. Um miðja síðustu viku lá ég andvaka — smá slappur út af venju-legri og ómerkilegri kvefdruslu — og var pottþétt kominn með kórónaveiruna. Þegar framheilinn vaknaði aftur í dögun varð skyn-

semin ruglinu yfirsterkari og ég gat ályktað, vansvefta en með fyrsta kaffibollann í hönd, að heimur væri ekki endilega á heljarþróm og að sjálfur væri ég bara með hefðbundið nefrennsli. Punkturinn er þessi: Ég held að það þurfi ekki að hafa áhyggjur af því að fólk hafi ekki nægilega miklar áhyggjur. Ég held að í áhyggjuástandi sé einmitt mikilvægt að vera þakklátur fyrir það hvað manneskjan sem hugsandi vitsmunavera á sér

margar aðferðir til að þrúka ból. Ein slík er húmor.

Þessi þjóð er hreint þrýðileg í svörtum húmor. Nú þegar kórónaveiran er komin til landsins finnst mér engin ástæða til annars en að styðjast við þann hæfileika til þess að auka fólki almennt nauðsynlegt æðruleysi og minnka paník, sem er forgangsmál eins og staðan er.

Mér fannst þess vegna allt í lagi að finnst það smá fyndið hvað blaðamannafundurinn um það að

einstaklingur hefði greinst með veiruna var skammt frá því að þróast í hinn sívinsæla skemmtileik „Hver er maðurinn?“. Er maðurinn Reykvikurinn? Já. Er hann á vinnumarkaði? Já. Ég sé fyrir mér skaupið.

Þetta finnst mér líka smá fyndið: Ég held að mjög margir séu að spá í það hvað fólk í sóttkvi er að horfa á. Allir eru alltaf að leita sér að nýjum þáttum. Ég mæli með *The Walking Dead*.



LG DAGAR

LG Á HEIMA Í RAFLANDI



ALLAR LG VÖRUR Á 20-40% AFSLÆTTI

TVÖFALDIR KÆLISKÁPAR · KÆLISKÁPAR · KÆLISKÁPAR MEÐ FRYSTI · ÞVOTTAVÉLAR
OLED SJÓNVÖRÞ · NANOCELL SJÓNVÖRÞ · LED SJÓNVÖRÞ · BLU-RAY SPILARAR · HEIMABÍÓ

GILDIR 29. FEBRÚAR - 14. MARS

BETRA BORGAR SIG

Opíð virka daga 10 - 18 | Laugardaga 11 - 16



RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

Viðvörðun frá Mané komst ekki til skila

Senegalinn Ismaïla Sarr var í aðalhlutverki þegar Watford tókst að vinna Liverpool og stöðva 44 leikja hrinu Bítlaborgarmanna án ósigurs. Sarr kemur úr sömu akedemíu og Sadio Mané í Senegal og hefur Sarr líkt landa sínum við eldri bróður.

FÓTBOLTI Það áttu fæstir von á því að Ismaïla Sarr og félagar næðu að stríða hinu ógnarsterka liði Liverpool en Liverpool var yfirspilað á allan máta í verðskulduðum sigri Watford um helgina. Senegalinn reyndist meistaraefnunum í Liverpool erfiður og skoraði tvö mörk ásamt því að leggja upp þriðja mark Watford skömmu fyrir leikslok í 3-0 sigri heimamanna. Fram að því hafði Watford tapað fimm leikjum í röð í ensku úrvalsdeildinni en með sigrinum nær liðið að skjótast upp úr fallsæti í bili. Á sama tíma reyndi Liverpool að ná 37. sigrinum í síðustu 38 leikjum.

Sarr braut ísinn eftir gott fast leikatriði í upphafi seinni hálfleiks og var vakandi fyrir mistökum hjá varnarlinu Liverpool stuttu síðar þegar hann kom Watford 2-0 yfir. Sarr átti svo stóran þátt í þriðja marki Watford þegar hann komst inn í sendingu Trent Alexander-Arnold og fann Troy Deeney sem skoraði úr góðu færi. Tíu mínútum síðar var Sarr enn kominn aftur fyrir varnarlinu Liverpool í gott færi en skot hans fór hárfint fram hjá markinu.

Líkt og Sadio Mané komst Sarr ungur inn í Generation Foot akademíuna í Dakar í Senegal. Hann sýndi námi litinn áhuga sem ungur drengur og stefndi á að verða knattspyrnumaður í fremstu röð. Sarr fór sömu leið frá Dakar og Mané þegar Sarr samdi við franska félagið Metz átján ára gamall og var fljótur að slá í gegn með liði Metz.

Ári síðar, eftir 33 leiki í treyju Metz, var Sarr keyptur til Rennes fyrir fimmtán milljónir punda. Frammistaða Sarr með Metz vakti athygli stærri liða og fékk hann að

Ég sagði við Andy Robertson að Watford væri að fá virkilega góðan leikmann. Ég þyrfti að hjálpa honum því annars myndi Ismaïla ganga frá honum með hraða sínum og tækni.

Sadio Mané í samtali við The Athletic eftir að Sarr samdi við Watford

eigin sögn tilbod frá spænska stórveldinu Barcelona en kaus að halda áfram í Frakklandi. Hann sagði skrefið til Barcelona of stórt á þeim tíma og kaus því að fylla í skarð Ousmane Dembele hjá Rennes þess í stað.

Tveimur árum síðar vann Watford kapphlaupið um Sarr síðasta sumar. Sarr hafði heillað gegn Arsenal í Evrópu deildinni og lenti í öðru sæti í kosningunni um efnilegasta leikmann Frakklands sem leiddi til þess að Watford pungaði út 30 milljónum punda fyrir sóknarmanninn.

Þegar búíð var að ganga frá kaupunum var Sadio Mané spurður út í vistaskipti Sarr í deildina hjá The Athletic þar sem hann sagðist spenntur að fá vin sinn í deildina en vonsvikinn yfir að það væri ekki til Liverpool. Þá lofaði hann að varnarmenn deildarinnar ættu eftir að eiga erfitt með að ráða við Sarr eins og vörn Liverpool fékk að kynnst um helgina.

kristinnpall@frettabladid.is



HETJA HELGARINNAR

Sadio er í reglulegum samtöllum við mig. Hann gefur mér góð ráð og er mér sem bróðir.

Ismaïla Sarr um samband sitt og Sadio Mané fyrir í vetur

Ismaïla Sarr

Sóknartengiliðurinn kemur frá Saint Louis í Senegal og er einn fimm systkina. Hann á ekki langt að sækja knattspyrnuhæfileikana þar sem faðir hans lék á sínum tíma með landsliði Senegal áður en hann gerðist bóndi.

Þrátt fyrir ungan aldur er Sarr, sem varð 22 ára á dögnum, búinn að leika 26 leiki fyrir landslið Senegal.

Senegalinn er dýrasti leikmaðurinn í sögu Watford en hann kostaði félagið þrjátíu milljónir punda síðasta sumar.

TUDOR rafgeymar

Er snjósleðinn tilbúinn fyrir vetrarkuldann?

Veldu öruggt start með TUDOR

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI

TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

Aðalfundur Festi hf.

Aðalfundur Festi hf. verður haldinn mánudaginn 23. mars 2020 klukkan 10.00 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi.

Dagskrá fundarins

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Skýrsla forstjóra og ársreikningur kynntur.
3. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins.
4. Ákvörðun tekin um greiðslu arðs vegna rekstrarársins 2019.
5. Tilnefningarnefnd kynnir skýrslu sína og tillögur.
6. Stjórnarkjör.
7. Tillaga um staðfestingu á ákvörðun stjórnar um skipun tveggja einstaklinga í tilnefningarnefnd.
8. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfirma.
9. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar.
10. Tillaga stjórnar um breytingu á starfskjarastefnu félagsins.
11. Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
12. Tillaga um heimild til stjórnar til að gefa út nýtt hlutafé til að mæta hluta kaupsamningsgreiðslna við kaup á Íslenski Orkumiðlun ehf.
13. Tillaga stjórnar til aðalfundar um tillögur til breytingar á samþykktum.
14. Önnur mál löglega upp borin.

Tillögur

- a) Ársreikningur (liður 3)
Stjórn leggur til að ársreikningur fyrir árið 2019 verði samþykktur.
- b) Arðgreiðsla (liður 4)
Stjórn leggur til við aðalfund að greiddur verði arður til hluthafa sem nemur 2 kr. á hvern hlut, eða samtals kr. 657.000.000.
- c) Tillögur tilnefningarnefndar (liður 5)
tilnefningarnefnd leggur til að í stjórn verði Guðjón Reynisson, Kristín Guðmundsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Þórður Már Jóhannesson og Þórey G. Guðmundsdóttir.
- d) Tilnefningarnefnd
Stjórn leggur til við aðalfund að Sigrún Ragna Ólafsdóttir og Tryggvi Pálsson verði kjörin í tilnefningarnefnd.
- e) Kjör endurskoðanda (liður 8)
Stjórn leggur til að Deloitte ehf. verði endurskoðunarfirma félagsins og Þorsteinn Pétur Guðjónsson og Rúnar Dór Daniélfsson verði endurskoðendur Festi.
- f) Þóknun til stjórnar (liður 9)
Stjórn leggur til við aðalfund að stjórnarlaus komandi starfsárs verði sem hér segir:

Stjórnarformaður fái kr. 760.000 á mánuði.
Varaformaður stjórnar fái kr. 570.000 á mánuði.
Aðrir stjórnarmenn fái kr. 380.000 á mánuði.
Fulltrúar í starfskjaranefnd fái kr. 54.000 á mánuði og formaður starfskjaranefndar kr. 108.000 á mánuði.
Fulltrúar í endurskoðunarnefnd fái kr. 85.000 á mánuði og formaður endurskoðunarnefndar kr. 150.000 á mánuði.
Formaður fjárfestingarárðs fái kr. 150.000 á mánuði.
Formaður tilnefningarnefndar fái kr. 130.000 á mánuði, nefndarmaður kr.110.000 á mánuði og fulltrúi stjórnar Festi í nefndinni fái kr. 74.000 á mánuði.

- g) Starfskjarastefna (liður 10)
Stjórn leggur til að eftirfarandi breytingu á starfskjarastefnu.
6. mgr. 7.gr. verði svo hljóðandi:
„Starfskjaranefnd skal leggja árlega til við stjórn skilgreind og nákvæm árangursviðmið fyrir komandi starfsár innan þess ramma sem skilgreindur er hér að framan og skal þeim skipt í þrjú stig. Náist fyrsta stig er heimild til greiðslu allt að 33% af hámarkskaupagreiðslu, náist annað stig er heimild til greiðslu allt að 67% af hámarkskaupagreiðslu og náist þriðja stig er heimild til greiðslu allt að 100% af hámarkskaupagreiðslu.“

Greinargerð:
Hámarkskaupagreiðsla til stjórnenda, sbr. 6. mgr. 7. gr. starfskjarastefunnar, er jöfn 3 mánaða grunnlausnum hvers stjórnanda og er það ósk stjórnar að þrep greiðslna miðist við heil mánaðarlausn. Engin breyting er lögð til á hámarksgreiðslum.

- h) Heimild til kaupa á eigin hlutabréfum (liður 12)
Stjórn leggur til að:
